

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. apríl 2013
Tilvísun: UST20130400013/bs


Efnistaka - Merkurhraun. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra dags. 2. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Hér er um að ræða efnistökusvæði sem áður hefur verið nýtt m.a. til vegagerðar, en hefur síðustu ár verið nýtt af landeiganda til eigin nota. Ráðgert er að taka úr námunni um 45.000 m³ til vegagerðar og verður því landnotkun skilgreind að nýju í aðalskipulagi þar sem efnistökusvæði verður skilgreint á svæði sem áður var skilgreint sem opið óbyggt svæði. Fyrirhuguð náma er í Merkurhrauni, en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ber að forðast röskun hrauns eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að efnistaka úr námu í Merkurhrauni geti verið í samræmi við fyrrnefnda lagagrein ef leitast verður við að nýta enn frekar svæði sem þegar hefur verið raskað.

Umhverfisstofnun telur að umrædd breyting á aðalskipulagi muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur æskilegt að við efnistöku úr námunni verði þess gætt að innsýn í námuna verði ekki aukin frá því sem nú er.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur